



Reykjavík 26. nóvember 2012

Nefndarsvið Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 – Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/765
komudagur 27. 11. 2012

Sjúkraliðafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Inntak frumvarpsins er breyting á réttindum starfsmanna ríkisins er varðar starfsöryggi þeirra og ráðningarfestu. Höfuðrök flutningsmanna eru að með breytingu tilgreindra ákvæða sé verið að aðlaga réttarstöðu ríkisstarfsmanna í takt við hinn almenna vinnumarkað.

Það er leitt til þess að vita að hið háa Alþingi skuli ekki sína meiri frumleika í viðleitni sinni til að rétta hlut launþega en að leggja til að rýra skuli lakan rétt opinberra starfsmanna til jöfnunar við það sem gerist lakast á almennum markað. Í stað þess að leitast við að bæta og auka réttindi launþega og þ.m.t. réttindi opinberra starfsmanna.

Hvers eiga launþegar að gjalda?

Sakborningar í afbrotamálum eiga stjórnarskrárbundinn rétt til að bera hönd fyrir höfuð sér gagnvart ákærvaldinu. Þeir eiga allan rétt á að leita eftir aðstoð lögfræðinga eða hverra annarra sem þeir kjósa og teljast saklausir þar til sekt þeirra er sönnuð. Samkvæmt umræddu frumvarpi njóta launþegar ekki hliðstæðra réttinda, fá frumvarp níumenninganna brautargengi á hinu háa Alþingi.

Samkvæmt frumvarpinu eru örlög launþegans lögð skilyrðislaust í hendur misviturra forstöðumanna/yfirmanna, án þess að viðkomandi eigi kost á að koma á framfæri einföldum skýringum, á því sem á milli ber. Áminning er í raun jafngildi skilyrts biðdóms í sakamálum, biðdómur fellur þó úr gildi innan tiltekins árafjölda. Áminning vegna brots í starfi er hins vegar án skilyrða og getur vofað yfir starfsmanni svo lengi sem hann starfar hjá viðkomandi og verið forsenda fyrirvaralaus brottrekstur síðar.

Allt frá því að ungur forystumaður í sveit sjálfstæðismanna Gunnar Thoroddsen beitti sér fyrir setningu laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954. Hafa framgjarnir þingmenn flokksins reynt með öllum ráðum að rýra áunnin og lögbundin réttindi opinberra starfsmanna, í stað þess að beita sér fyrir auknum réttindum launþega á almennum vinnumarkaði.

Að frumkvæði Friðriks Sófússonar f.v. fjármálaráðherra var lögum nr. 38/1954, breytt með setningu laga nr. 70/1996. Með breytingunni urðu þáttaskil varðandi réttarstöðu ríkisstarfsmanna, sem rýrðu ráðningarfestu og starfsöryggi þeirra. Réttindi sem opinberir starfsmenn höfðu notið í áratugi að fyrirmynd nággranna þjóðanna, sem töldu nauðsynlegt að ríkisstarfsmenn nytu tiltekins starfsöryggis til verndar fyrir geðþótta og/eða pólitískum aðförum.

Eins og viðtakendum umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands er sennilega farið að renna í grun, hafnar forysta félagsins með öllu hugmyndum flytjenda umrædds frumvarps. Hún lýsir sig hinsvegar reiðubúna til viðræðna og að aðstoða við að semja nýtt frumvarp til að styrkja réttarstöðu launþega.

Á það má benda að flestar réttarbætur sem launþegum hafa hlotnast seinni árin varðandi, vinnutíma, réttindi hlutavinnufólks og fleira hafa þeir öðlast með tilskipunum EBE/ESB. Það er leitt til þess að vita að allt það sem til bóta er fyrir launþega skuli koma að utan, öndvert við það sem að þeim snýr frá tilteknum hópi þingmanna Alþingis Íslendinga.

Virðingarfyllst

fh. Sjúkraliðafélags Íslands

Gunnar Örn Gunnarsson

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri.